Nd. **296. Nefndarálit**

nm frv. til laga nm aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á, að verslunarfyrirtæki ríkisins, sem nú eru tóbakseinkasala, víneinkasala og steinolíueinkasala, verði undanþegnar aukaútsvari, en borgi í þess stað 5% af nettóverði í bæjarsjóð.

Það er nú augljóst, að með þessu er bæjarsjóður Reykjavíkur sviftur mjög verulegum tekjustofni. Steinolíufjelagið borgaði í aukaútsvar 1920 40000 kr., 1921 60000 kr., 1922 50000 kr. Um tekjur bæjarins af tóbaksverslun er erfiðara að segja, af því að auk sjerverslana í þeirri grein höfðu fjölmargar verslanir mikla umsetning með tóbak, en það hefir verið álitleg upphæð. Um vinverslunina verður auðvitað ekkert sagt, því að hún hefir verið einokuð af ríkinu síðan hún hófst.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir látið uppi álit sitt á þessu máli, og vill hún sýna þessu máli alla sanngirni og ganga inn á það, að þessi verslunarfyrirtæki lúti ekki á sama hátt áliti niðurjöfnunarnefndar og önnur gróðafyrirtæki eða einkafyrirtæki, heldur borgi til bæjarsjóðs ákveðna hundraðstölu af hreinum ágóða fyrirtækjanna, en hún telur 10% hæfilegt gjald.

Það er rjett, sem í greinargerð frv. stendur, að verslunarfyrirtæki ríkisins vorn talin útsvarsfrjáls þar til fyrir fáum árum. En hjer er ekki heldur um óbreyttar stofnanir að ræða. Upphaflega var landsverslunin sett á stofn og rekin i alt öðrum tilgangi en þeim, að vera gróðafyrirtæki. En 1921 er gengið inn á nýja braut, þegar tóbakseinkasalan er sett á stofn, beinlínis i því skyni að græða og afla rikissjóði tekna, og sama er að segja um víneinkasöluna. Hún er rekin i beinu gróðaskyni fyrir rikissjóð. Öðru máli er að gegna um steinolíueinkasöluna, sem samkvæmt tilgangi sinum á að vera þjóðþrifafyrirtæki, án þess að það sje til þess ætlast, að hún græði fje, nema til þess að safna sjer varasjóði. Hún er því rekin á líkum grundvelli sem landsverslunin var þar til fyrir fáum árum, og er ekki nema eðlilegt, að hún sje útsvarsfrjáls, en borgi aðeins mjög lágt gjald, í notum þess, að hún nýtur og notar ýmislegt það, sem bærinn kostar.

En þrátt fyrir þetta, að telja verður gróðafyrirtæki ríkissjóðs tvímælalaust gjaldskyld til bæjarsjóðs vegna þess, að ríkissjóður seilist þar beinlínis inn á þau svið, sem áður hafa verið tekjulindir fyrir bæjarsjóðinn, vill minni hlutinn, eins og bæjarstjórn Reykjavíkur, ganga inn á það, að þessi fyrirtæki fái þá sjerstöðu, að þau borgi aðeins ákveðið hundraðsgjald af ágóða i bæjarsjóð. Og okkur þykir þetta gjald mjög hóflega tiltekið, ef það er ákveðið 10%, og er það þá langt fyrir neðan það, sem lagt er á slikar stofnanir, ef þær væru i höndum einstaklinga með sömu aðstöðu. Sjest það af því, að nú síðasta ár mundi þetta hafa numið um 30000 krónum i lækkun á tóbaks- og víneinkasölunni. En steinolíuverslun teljum við rjett, að ekki gjaldi nema mjög lágt gjald i bæjarsjóð.

Við viljum því ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Verslunarstofnanir rikissjóðs skulu greiða í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þeirra er, hundraðsgjald af hreinum ágóða sem hjer segir:

Af tóbakseinkasölu og vineinkasölu skal greiða 10% af hreinum ágóða.

Af steinolíueinkasölu skal greiða 2% af hreinum ágóða.

Gjaldið greiðist á sama gjalddaga eða gjalddögum sem aukaútsvör. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur í sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Aðrar stofnanir rikisins greiða ekki þennan skatt.

Alþingi, 2. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
formaður.

Magnús Jónsson,
framsm. minni hl.